

**Ákvörðun Samgöngustofu nr. 72/2016 vegna kvörtunar um aflýsingu á flugi  
FI525 þann 26. júní 2016.**

**I. Erindi**

Þann 24. ágúst sl. barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá A, B, C og D, hér eftir kvartendur. Kvartendur áttu bókað flug með flugi Icelandair (IA) FI525 frá Frankfurt til Keflavíkur þann 26. júní sl. og var áætluð brottför kl. 22:30, en fluginu var aflýst. IA hefur samþykkt að endurgreiða kostnað sem kvartendur urðu fyrir vegna aflýsingarinnar en neita greiðslu bóta skv. 7. gr. EB reglugerðar 261/2004.

**II. Málavextir og bréfaskipti**

Samgöngustofa sendi IA kvörtunina til umsagnar þann 24. ágúst sl. og þegar umsögn barst ekki var beiðni ítrekuð 3. október. Svar IA barst þann 3. október og þar kom fram:

„Vegna manneklu hjá flugumferðarstjórum á Keflavíkurflugvelli þann 26. júní síðastliðinn fór flug FI 524 (KEF-FRA) í seinkun sem á endanum olli því að Icelandair fékk ekki lendingarleyfi á Frankfurt International Airport og varð að fella niður bæði flug FI 524 (KEF-FRA) og FI 525 (FRA-KEF)

Frankfurt International Airport lokar tímabundið frá klukkan 23:00 á kvöldin til 05:00 á morgnana og þar sem seinkunin á FI 524 varð þetta mikið, fékk Icelandair ekki lendingarleyfi í Frankfurt þar sem vélín hefði lent eftir klukkan 23:00 á staðartíma.

FI 525 var áætluð til brottfarar klukkan 22:30 og var ekki hægt að koma vélinni út á þessum hálftíma sem næturlokunin byrjaði.“

Kvartendum var sent svar IA til umsagnar sama dag og barst svar þann 9. október, þar sem segir:

„að í fyrsta svari Icelandair sögðu þeir yfirvinnubann (verkfallsaðgerðir) hafa orsakað niðurfellingu. Búið var að setja lög á þær aðgerði[r] 26. Júní. Í neðanverðu svari er það mannekla.“

**III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu**

Neytendur flugbjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðarlaga. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um aflýsingu flugs og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skal farþegum ef flugi er aflýst, boðin aðstoð af hálfu flugrekandans í samræmi við 8. gr. og a-lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. Í 8. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rétt farþega til þess að fá endurgreitt eða að fá flugleið breytt. Auk framangreinds gildir að sé flugi aflýst eiga farþegar rétt á skaðabótum frá flugrekanda í samræmi við 7. gr., hafi ekki verið tilkynnt um aflýsingu á þann hátt sem mælt er um í i) – iii) liðum c-liðar 1. mgr. 5. gr. Þetta gildir nema flugrekandi geti sýnt fram á að flugi hafi verið aflýst af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir, sbr. 3. mgr. 5 gr. reglugerðarinnar.

Loftferðalögum nr. 60/1998 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugbjónustu. Meginreglan samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 er réttur farþega til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðarinnar sé um að ræða aflýsingu eða mikla seinkun á brottfarartíma flugs og ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þróngt, sbr. dóm Evrópuðomstólsins frá 22. desember 2008, í máli C-549/07 Friedericke Wallentin-Hermann v Alitalia og almennar meginreglur um túlkun lagaákvæða.

Álitaefni í þessu máli er hvort að óviðráðanlegar aðstæður hafi valdið aflýsingu á flugi kvartenda. Þær óviðráðanlegu aðstæður sem til eru nefndar eru mannekla í flugturninum í Keflavík sem hafi valdið því að flug FI524 komst ekki af stað á réttum tíma. Það er mat Samgöngustofu að þegar atvik hafa áhrif á annað flug en það sem deilt er um, geti slík víxlverkun ekki talist til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB 261/2004. Afstaða stofnunarinnar liggur fyrir í fyrri ákvörðunum um áhrif víxlverkana, til að mynda með ákvörðun nr. 12/2011. Sú niðurstaða Flugmálastjórnar (nú Samgöngustofu) var staðfest í úrskurði innanríksráðuneytisins í máli nr. IRR11040216 frá 11. október 2011 og með dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-837/2012 frá 31. október 2013.

Samkvæmt framansögðu ber IA að greiða hverjum kvartenda bætur að upphæð 400 evrur skv. b- lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

## **Ákvörðunarárð**

Icelandair skal greiða hverjum kvartanda bætur að upphæð 400 evrum skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

Ákvörðun þessi er kæranleg til innanríkisráðuneytis skv. 3. mgr. 126. gr. c loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 28. desember 2016

Ómar Sveinsson

Kristín Helga Markúsdóttir